

*Árni Björnsson*

Í katólskum kirkjum var almennur siður að dreifa ösku á höfuð fólks sem iðrunarmerki við upphaf langaföstu. Af því er sprottið heitið öskudagur. Eftir siðaskipti varð öskudagurinn víða að ærsladegi og menn áttu meðal annars til að ausa hver annan ösku til háðungar við hinn katólska sið.

Það virðist hinsvegar séríslenskur gamansiður að hengja litla poka á náungann á öskudaginn. Engar heimildir hafa fundist um samskonar siðvenju erlendis. Ástæðan er trúlega sú að hér voru lengst af engar borgir og slík gamanmál urðu að fara fram innan þröngra veggja.

Aska var upphaflega einungis í pokum þeim sem konur hengdu á karla, en steinvölur í hinum sem karlar hengdu á konur. Hið siðarnefnda mun vísun til þess að úti í Evrópu var bersyndugum konum stundum refsað með því að láta þær í háðungarskyni bera steina eftir aðalgötu þorpsins.

Elsta dæmi um öskupoka mun vera í kvæði sem eignað er Stefáni Ólafssyni í Vallanesi og ætti því að vera frá 17. öld. Annað dæmi er í orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík frá miðri 18. öld. Fyrir tíma þéttbýlismyndunar fór þessi leikur fram innan hvers heimilis en á seinni hluta 19. aldar eru börn tekin að iðka hann á götum Reykjavíkur. Siðurinn færðist enn í aukana eftir að öskudagurinn var gerður að frídegi í skólum árið 1917.

Fyrrum voru pokarnir jafnan heimagerðir og gleði barnanna var ekki síst í því fólgin að útbúa þá sjálf. Kringum 1920 fara þeir hinsvegar að sjást auglýstir í verslunum. Á þriðja og fjórða áratugnum fjölgaði mikið skrautlegum öskupokum sem stundum voru hafðir næstum tómir og gjafvaxta stúlkur sendu í pósti í einskonar daðurskyni. Einnig voru nokkur dæmi þess að íþróttafélög létu búa til öskupoka með merki sínu og seldu þá í ágóðaskyni.

Öskupokarnir sex á stærri myndinni eru allir af einfaldri gerð og sennilega saumaðir eða límdir



*Til samanburðar má hér að ofan sjá þrjá vandada poka auk eins venjulegs. Máluðu silkipokana tvo fékk ungur maður í pósti á 4. áratugnum. Á þeim efri er merki knattspyrnufélagsins Vals, en á þeim neðri turtildúfa með ástarbréf í nefi. Neðst til vinstri er ártalið 1922 saumað í pokann. Ljós. Ímynd.*

saman af börnum. Einn er úr hvítu silkitafti með ártalinu 1924, tveir úr hvítu silkisetíni, tveir úr mislitu kjólaefni og einn úr bláum krep-pappír með klipptu kögri og álímdu hjarta úr rauðum gljá-pappír. Þeir eru úr fórum Matthíasar Þórðarsonar sem var þjóðminjavörður frá 1908 til 1947 og andaðist árið 1961.

